

Ár 2012, fimmtudaginn 15. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Róbert Hlöðversson.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu frá 2. mars 2012.

Í bréfinu er kynnt að ráðuneytið hefur ákveðið að styrkja Garðyrkju- og blómasýninguna „Blóm í bæ“ um kr. 1.000.000.-

Lagt fram til kynningar.

1.2. Umhverfissráðuneytinu frá 2. mars 2012.

Í bréfinu óskar ráðuneytið eftir athugasemdum við frumvarpsdrög til breytinga á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Lagt fram til kynningar en bæjarstjóra jafnframt falið að fylgjast náið með þeirri vinnu sem fram fer varðandi frumvarpið hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en ljóst er að um stórfellda eðlisbreytingu á málaflokknum er að ræða og fjöldi álitamála í frumvarpinu sem verður að ræða til hlýtar hjá öllum sveitarfélögum.

1.3. Innanríkisráðuneytinu frá 16. febrúar 2012.

Í bréfinu eru kynntar þær upphæðir sem Hveragerðisbær á að greiða vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Jafnframt eru upplýsingar um hve mikið Hveragerðisbær fær frá Jöfnunarsjóði vegna nemenda í framhaldsnámi í Tónlistarskóla Árnesinga í samræmi við samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þar um.

Bæjarstjóra falið að ræða þessa niðurstöðu við forsvarsmenn Sambands íslenskra sveitarfélaga en ljóst er að bæjarfélagið ber verulega skarðan hlut frá borði þetta árið.

1.4. Nefndarsviði Alþingis frá 29. febrúar 2012.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um húsaleigubætur.

Lagt fram til kynningar.

1.5. **Nefndarsviði Alþingis frá 29. febrúar 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir umsögn um frumvarp til laga um málefni innflytjanda.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Lánasjóði sveitarfélaga frá 6. mars 2012.**

Í bréfinu er boðað til aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf sem haldinn verður á Icelandair Hótel Reykjavík Natura föstudaginn 23. mars kl. 16:00.

Lagt fram til kynningar en fulltrúi Hveragerðisbæjar verður Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri.

1.7. **Stjórn veiðifélags Varmár og Þorleifslækjar frá 23. janúar 2012.**

Í bréfinu er kynnt að Stangaveiðifélag Reykjavíkur átti hæsta tilboð í veiðirétt félagsins næstu 3 árin. Jafnframt er kynnt að landeigendur að ánum fái einn veiðidag með tveimur stöngum frían.

Bæjarráð samþykkir að auglýsa eftir tilnefningum frá bæjarbúum um Hvergerðinga sem njóta myndu þess að veiða í Varmá einn góðviðrisdag í sumar. Tilnefningum skal skilað til bæjarins í apríl.

1.8. **Eignarhaldsfélagi Suðurlands hf ódagsett.**

Í bréfinu er boðað á aðalfund Eignarhaldsfélags Suðurlands hf sem haldinn verður fimmtudaginn 22. mars á Hótel Selfossi kl. 13:00.

Fulltrúi Hveragerðisbæjar á fundinum verður Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri.

1.9. **Listasafni Árnesinga frá 8. mars 2012.**

Í bréfinu er minnt á að þjónustusamningur Listasafns Árnesinga við Hveragerðisbæ rann út um síðustu áramót.

Bæjarstjóra og menningar- og frístundafulltrúa falið að ræða við forstöðumann og leggja fram drög að nýjum þjónustusamningi.

1.10. **Kvenfélagi Hveragerðis frá 8. mars 2012.**

Í bréfinu er kynnt að kvenfélag Hveragerðis mun halda ársfund SSK á árinu og óskar kvenfélagið eftir stuðningi frá Hveragerðisbæ til að geta haldið fundinn með sóma.

Bæjarráð samþykkir að veita kvenfélaginu 100 þúsund króna styrk til hráefniskaupa enda munu kvenfélagskonur sjálfar sjá um alla eldamennsku og umsjón veisluhalda vegna þingsins.

1.11. **Guðjóni Pétri Arnarsyni frá 16. janúar 2012.**

Í bréfinu er rætt um kostnað við uppsetningu hitavatnsbúnaðar að Heiðarbrún 5 og mismunun íbúa í Hveragerði þegar kemur að kostnaði við uppsetningu.

Bæjarstjórn samþykkti á árinu 2011 að greiða fyrir lögfræðikostnað

íbúa í Heiðarbrún sem fara myndi í mál við Orkuveitu Reykjavíkur vegna þessa. Ragnar Hall, lögmaður, hefur þegar hafið þá vinnu sem fulltrúi Garðars Hannessonar. Eins og áður hefur komið fram telur bæjarráð að íbúar sæti mismununar sem ekki verður unað við en þar sem bæjarfélagið er ekki aðili máls lögum samkvæmt varð niðurstaðan sú að styðja við íbúana með þeim hætti sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

Í ljósi þeirra erinda sem nú berast íbúum frá Orkuveitunni um breytingu á innheimtu gjalda fer bæjarráð þess á leit að Orkuveita Reykjavíkur að hún hinkri með fyrirhugaða gjaldskrárbreytingu þar til niðurstaða þessara málaferla liggur fyrir.

1.12. **Fond ehf frá 13. mars 2012.**

Í bréfinu er óskað eftir að Hveragerðisbær falli frá forkaupsrétti á fasteign Fond ehf að Austurmörk 20 eignarhlut 01-0102.

Bæjarráð samþykkir að nýta ekki forkaupsrétt í þessu tilfalli.

2. Fjárhagsleg málefni:

2.1. **Viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags.**

Lagðar fram viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags.

Lagt fram til kynningar.

2.2. **Minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa vegna göngustígs meðfram Breiðumörk frá Laufskógum að mön við fótboltavöll norðan Hamars.**

Lagt fram minnisblað frá Skipulags- og byggingarfulltrúa dagsett 13. mars 2012 vegna göngustígs meðfram Breiðumörk, frá Laufskógum að mön við fótboltavöll norðan Hamars.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að bjóða út verkið í samræmi við þær tillögur sem lágu fyrir fundinum.

2.3. **Minnisblað frá bærarstjóra vegna orlofs á fasta yfirvinnu.**

Lagt fram minnisblað frá bærarstjóra frá 12. mars 2012 vegna orlofs á yfirvinnu ásamt fylgiskjali.

Bæjarráð samþykkir þær tillögur sem settar eru fram í minnisblaði bærarstjóra.

3. Tæknileg málefni:

3.1. **Úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna Reykjamarkar 11.**

Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kærú á samþykkt bæjarráðs Hveragerðisbæjar frá 1. júní 2011 um að halda áfram verkefni við frágang lóðarinnar nr. 11 að Reykjamörk í Hveragerði.

Úrskurðarnefndin telur hina kærðu samþykkt ekki stjórnvaldsákvörðun sem kæránleg sé til úrskurðarnefndar og kærúmalínu því vísað frá nefndinni.

4. Fræðslu mál:

4.1. **Minnisblað frá formanni fræðslunefndar vegna endurskoðunar skólastefnu Hveragerðisbæjar.**

Lagt fram minnisblað frá formanni fræðslunefndar frá 13. mars 2012 vegna endurskoðunar á skólastefnu Hveragerðisbæjar ásamt fyrstu fundargerð frá starfshópi um endurskoðun skólastefnu.

Bæjarráð hvetur íbúa til að fjölmenna á málþing um endurskoðun skólastefnunnar sem halda á þann 22. mars næstkomandi.

5. Fundargerðir til kynningar:

- 5.1. **SASS frá 9. mars 2012.**
- 5.2. **Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 5. mars 2012.**
- 5.3. **Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 24. febrúar 2012.**
- 5.4. **Sorpstöðvar Suðurlands frá 6. mars 2012.**
- 5.5. **Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 24. febrúar 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlökkversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)